

TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 2000/69/EB

2002/EES/16/12

frá 16. nóvember 2000

um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á grundvelli meginreglnanna í 174. gr. sáttmálans, er í stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun (fimmta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála) ⁽⁴⁾, sem aukin var með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB ⁽⁵⁾ um endurskoðun hennar, einkum horft til þess að koma á breytingum í löggjöf um mengunarefni í andrúmslofti. Í aðgerðaáætluninni er mælt með að sett verði langtíamarkmið um gæði andrúmslofts. Í 174. gr. sáttmálans er sett fram krafa um að varúðarreglunni sé beitt í tengslum við heilsuvernd manna og verndun umhverfis.
- 2) Samkvæmt 152. gr. sáttmálans skulu kröfur um heilsuvernd vera þáttur í öðrum stefnumálum bandalagsins. Samkvæmt p-lið 1. mgr. 3. gr. í sáttmálanum skulu aðgerðir bandalagsins einnig verða til þess að viðtækri heilsuvernd verði náð.
- 3) Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts ⁽⁶⁾ skal ráðið samþykkja löggjöfina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og einnig ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. þeirrar greinar.
- 4) Í tilskipun 96/62/EB er sett fram krafa um að samdar verði aðgerðaáætlanir á svæðum þar sem styrkur mengunarefna í andrúmslofti er yfir viðmiðunarmörkum, að viðbættum tímabundnum vikmörkum sem unnt er að beita til að tryggja að viðmiðunarmörkunum verði náð á tilsettum tíma.
- 5) Í tilskipun 96/62/EB er kveðið á um að töluleg gildi viðmiðunarmarkna skuli grundvallast á niðurstöðum

þeirrar vinnu sem fram hefur farið á vegum alþjóðlegra hópa vísindamanna á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af nýjustu gögnum úr vísindarannsóknum á viðkomandi sviðum innan faraldsfræði og umhverfismála og nýjustu framförum í mælitækni þegar þær forsendur, sem viðmiðunarmörk byggjast á, verða endurskoðaðar.

- 6) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁷⁾.
- 7) Þær breytingar, sem eru nauðsynlegar vegna aðlögunar að framförum á sviði vísinda og tækni, tengjast ef til vill eingöngu viðmiðunum og aðferðum sem eru notaðar til að meta styrk bensen og kolsýrings eða nákvæmri tilhögun við að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar og breytingarnar mega hvorki beint né óbeint leiða þess að viðmiðunarmörkum verði breytt.
- 8) Viðmiðunarmörkin, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru lágmarkskröfur. Í samræmi við 176. gr. í sáttmálanum geta aðildarríki viðhaldið strangari verndarráðstöfunum eða innleitt slíkar ráðstafanir. Strangari viðmiðunarmörk skulu einkum innleidd til að vernda heilbrigði fólks í þjóðfélagshópum sem eru sérlega viðkvæmir, svo sem barna og sjúklinga á sjúkrahúsum. Aðildarríki getur krafist þess að viðmiðunarmörkum verði náð fyrr en þær dagsetningar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, segja til um.
- 9) Bensen er krabbameinsvaldandi erfðaeitur í mönnum og ekki er vitað undir hvaða viðmiðunarmörkum efnið er hættulaust heilbrigði manna.
- 10) Ef erfitt reynist að ná viðmiðunarmörkum fyrir bensen, eins og þau eru fastsett í þessari tilskipun, vegna staðarsértækra einkenna við dreifingu eða veðurfarslegra skilyrða og ef þær ráðstafanir, sem gripið er til, hafa í för með sér alvarlegan félagsdagfræðilegan vanda getur aðildarríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún veiti tímabundinn frest í eitt skipti og með sérstökum skilyrðum.
- 11) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu fhuga að hvetja til rannsókna á áhrifum bensen og kolsýrings til að greiða fyrir endurskoðun þessarar tilskipunar árið 2004. Í þessu samhengi skal taka tillit bæði til loftmengunar í lokuðu rými og andrúmslofti utanhúss.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 313, 13.12.2000, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 97/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 11.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 53, 24.2.1999, bls. 8.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 138, 18.5.1999, bls. 42.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. desember 1999 (Stjútíð. EB C 194, 11.7.2000, bls. 56), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. apríl 2000 (Stjútíð. EB C 195, 11.7.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 24. október 2000.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 12) Staðlaðar, nákvæmar mæliaðferðir og almennar viðmiðanir um staðsetningu mælistöðva eru mikilvægur þáttur í mati á gæðum andrúmslofts ef afla skal sambærilegra upplýsinga hvaðanæva að úr bandalaginu.
- 13) Senda skal framkvæmdastjórninni upplýsingar um styrk bensens og kolsýrings og þær verða grundvöllur regulegra skýrslna.
- 14) Nýjustu upplýsingar um styrk bensens og kolsýrings í andrúmslofti skulu ætíð vera aðgengilegar almenningi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar tilskipunar er:

- a) að setja viðmiðunarmörk um styrk bensens og kolsýrings í andrúmslofti sem miða að því að komast hjá, fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild,
- b) að meta styrk bensens og kolsýrings í andrúmslofti á grundvelli sameiginlegra aðferða og viðmiðana,
- c) að afla nægilegra upplýsinga um styrk bensens og kolsýrings í andrúmslofti og tryggja að þær séu ætíð aðgengilegar almenningi,
- d) að viðhalda gæðum andrúmslofts þar sem þau eru mikil en bæta þau ella að því er varðar bensen og kolsýring.

2. gr.

Skilgreiningar

Skilgreiningarnar, sem eru settar fram í 2. gr. tilskipunar 96/62/EB, skulu gilda.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „efri viðmiðunarmörk mats“: mörk sem eru tilgreind í III. viðauka en neðan þeirra er unnt að nota samþættar aðferðir, sem byggjast á mælingum og reiknilíkönun, til þess að meta gæði andrúmslofts í samræmi við 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/62/EB,
- b) „neðri viðmiðunarmörk mats“: mörk sem eru tilgreind í III. viðauka en neðan þeirra er unnt að nota aðferðir, sem byggjast annaðhvort eingöngu á reiknilíkönun eða hlutlægu mati, til þess að meta gæði andrúmslofts í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/62/EB,
- c) „fastar mælingar“: mælingar sem eru gerðar í samræmi við 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/62/EB.

3. gr.

Bensen

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að styrkur bensens í andrúmslofti, metinn í samræmi við 5. gr., fari ekki yfir þau viðmiðunarmörk, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, með hliðsjón af þeim dagsetningum sem eru tilgreindar þar.

Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, skulu gilda í samræmi við 8. gr. tilskipunar 96/62/EB.

2. Ef erfitt reynist að ná þeim viðmiðunarmörkum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, vegna staðarsértækra einkenna við dreifingu eða veðurfarslegra skilyrða, svo sem lítils vindhraða og/eða skilyrða sem stuðla að uppgufun, og ef þær ráðstafanir, sem gripið er til, hafa í för með sér alvarlegan félagshagfræðilegan vanda getur aðildarríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún veiti tímabundinn frest. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 96/62/EB, að beiðni aðildarríkis og með fyrirvara um 3. mgr. 8. gr. í þessari tilskipun, heimilað framlengingu frestsins einu sinni til allt að fimm ára ef viðkomandi aðildarríki:

tiltekur viðkomandi svæði og/eða þéttbýlisstaði,

leggur fram haldbær rök fyrir framlengingunni,

sýnir fram á að allar réttmætar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni að minnka styrk viðkomandi mengunarefna og takmarka, sem mest má verða, stærð þess svæðis þar sem farið er yfir viðmiðunarmörk, og

leggur fram drög að framtíðarþróun að því er varðar þær ráðstafanir sem það hyggst grípa til samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 96/62/EB.

Viðmiðunargildið, sem miða skal við fyrir bensen meðan tímabundni fresturinn gildir, skal ekki fara yfir $10 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

4. gr.

Kolsýringur

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að styrkur kolsýrings í andrúmslofti, metinn í samræmi við 5. gr., fari ekki yfir það viðmiðunargildi, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, með hliðsjón af þeim dagsetningum sem eru tilgreindar þar.

Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, skulu gilda í samræmi við 8. gr. tilskipunar 96/62/EB.

5. gr.

Mat á styrk

1. Efri og neðri viðmiðunarmörk mats fyrir bensen og kolsýring eru þau sem mælt er fyrir um í I. lið III. viðauka.

Í tengslum við beitingu 6. gr. tilskipunar 96/62/EB skal flokkun hvers svæðis eða þéttbýlisstaðar endurskoðuð að minnsta kosti á fimm ára fresti í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. lið III. viðauka við þessa tilskipun. Flokkunin skal endurskoðuð fyrir ef marktækar breytingar verða á starfsemi sem hefur áhrif á styrk bensens eða kolsýrings í andrúmslofti.

2. Við ákvörðun á staðsetningu sýnatökustaða vegna mælinga á bensen og kolsýringi í andrúmslofti skulu þær viðmiðanir gilda sem tilgreindar eru í IV. viðauka. Minnsti fjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga á styrk hvors mengunarefnis skal vera sá sem mælt er fyrir um í V. viðauka og þeir skulu valdir á hverju svæði eða þéttbýlisstað þar sem mælinga er þörf ef gögn úr föstum mælingum eru einu upplýsingarnar sem liggja fyrir um styrkinn þar.

3. Fyrir svæði og þéttbýlisstaði, þar sem til viðbótar upplýsingum frá föstum mælistöðvum eru fyrirbyggjandi upplýsingar úr öðrum áttum, svo sem úr skráum um losun, leiðbeinandi mælingum og reiknilíkön um gæði lofts, skal fjöldi fastra mælistöðva, sem komið er fyrir, og staðupplausn annarra aðferða nægja til að unnt sé að ákvarða styrk mengunarefna í lofti í samræmi við I. lið IV. viðauka og I. lið VI. viðauka.

4. Á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem mælinga er ekki krafist má styðjast við reiknilíkön eða hlutlægar matsaðferðir.

5. Tilvísunaraðferðir, sem notaðar eru við greiningu og sýnatöku vegna bensens og kolsýrings, eru þær sem mælt er fyrir um í I. og II. lið VII. viðauka. Í III. lið VII. viðauka eru settar fram tilvísunaraðferðir vegna reiknilíkana fyrir loftgæði þegar völ er á slíkum aðferðum.

6. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir, sem notaðar eru við bráðabirgðamat á loftgæðum samkvæmt d-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 96/62/EB, eigi síðar en þann dag sem mælt er fyrir um í 10. gr. þessarar tilskipunar.

7. Breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga ákvæði þessarar greinar og III. til VII. viðauka að framförum á sviði vísinda og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr., en þær mega hvorki leiða til beinna né óbeinna breytinga á viðmiðunarmörkum.

6. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 96/62/EB, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Upplýsingar til almennings

1. Aðildarríkin skulu tryggja að nýjustu upplýsingar um styrk bensens og kolsýrings í andrúmslofti séu lagðar reglulega fyrir almenning sem og viðeigandi samtök, svo sem umhverfissamtök, neytendasamtök og samtök sem annast hagsmuni viðkvæmra hópa, og fyrir aðra viðeigandi aðila á sviði heilsugæslu, til dæmis fyrir tilstilli útvarps- og

sjónvarpsstöðva, fréttamiðla, upplýsingaskilta eða tölvunetþjónustu, textavarps, síma eða bréfasíma.

Upplýsingar um styrk bensens í andrúmslofti, gefnar sem meðalgildi síðustu 12 mánaða, skulu uppfærðar á þriggja mánaða fresti hið minnsta og mánaðarlega ef því verður við komið. Upplýsingar um styrk kolsýrings í andrúmslofti, gefnar sem hæsta meðalgildi í átta klukkustundir samfelld, skulu uppfærðar daglega hið minnsta og á hverri klukkustund ef því verður við komið.

Upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgreininni, skulu undir öllum kringumstæðum segja til um þau tilvik þar sem farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir styrkinn á þeim meðaltíma sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka. Þær skulu einnig fela í sér gróft mat að því er varðar viðmiðunarmörk og segja á viðeigandi hátt til um áhrif á heilbrigði.

2. Þegar áform eða áætlanir eru kynntar almenningi samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 96/62/EB skulu aðildarríkin einnig kynna þær þeim samtökum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þetta nær einnig til þeirra gagna sem krafist er samkvæmt II. lið VI. viðauka við þessa tilskipun.

3. Upplýsingar til almennings og samtaka samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu vera skýrar, auðskiljanlegar og aðgengilegar.

8. gr.

Skýrsla og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2004, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um reynsluna af beitingu þessarar tilskipunar og einkum um niðurstöður nýjustu vísindarannsóknna sem varða áhrif á heilbrigði manna, þar sem sérstakur gaumur er gefinn þeim hópum sem eru viðkvæmir, og á vistkerfi, sem verða fyrir váhrifum af völdum bensens og kolsýrings, og um þá tækniþróun sem hefur átt sér stað, meðal annars á sviði mælitækni og annarra aðferða við mat á styrk bensens og kolsýrings í andrúmsloftinu.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skal taka tillit til eftirfarandi atriða, einkum að því er varðar bensen og kolsýring:

a) núverandi loftgæða og líklegra breytinga á þeim til ársins 2010 og eftir það,

b) möguleika á að draga enn frekar úr losun mengunarefna frá öllum viðeigandi upptökum, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti og kostnaðarhagkvæmt,

c) venslanna milli mengunarefna og möguleika til að beita samþættum aðferðum í því skyni að ná settum markmiðum bandalagsins um gæði lofts og skyldum markmiðum,

d) núverandi og síðari tíma krafna sem varða miðlun upplýsinga til almennings og skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar,

e) fenginnar reynslu af beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, einkum að því er varðar skilyrði um framkvæmd mælinga sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

3. Til að viðhalda víðtækri heilsu- og umhverfisvernd skulu tillögur um breytingar á þessari tilskipun, eftir því sem við á, fylgja skýrslunni sem um getur í 1. mgr. og geta þær breytingar falið í sér frekari rýmkun á þeim fresti sem veittur er til að ná tilgreindu viðmiðunargildi fyrir bensen í I. viðauka sem samþykkja má samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

9. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli þessarar ákvörðunar. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

12. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. nóvember 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

R. SCHWARTZENBERG

forseti.

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR BENSEN

Gefa verður viðmiðunargildið upp í $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og það skal staðlað við hitann 293 K og loftþrýstinginn 101,3 kPa.

	Meðaltími	Viðmiðunargildi	Vikmörk	Dagurinn þegar viðmiðunargildi eiga að hafa náðst
Viðmiðunargildi að því er varðar heilsuvernd manna	Almanaksár	$5 \mu\text{g}/\text{m}^3$	$5 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (100%) 13. desember 2000, lækkar 1. janúar 2006 og á 12 mánaða fresti upp frá því um $1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og verður 0% 1. janúar 2010	1. janúar 2010 ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Að undanskildum svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem tímabundin framlenging frests hefur verið samþykkt samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR KOLSÝRING

Gefa verður viðmiðunargildið upp í mg/m^3 . Rúmmálið skal staðlað við hitann 293 K og loftþrýstinginn 101,3 kPa.

	Meðaltími	Viðmiðunargildi	Vikmörk	Dagurinn þegar viðmiðunargildi á að hafa náðst
Viðmiðunargildi að því er varðar heilsuvernd manna	Daglegt hámarksmeðaltal í átta klukkustundir	$10 \text{mg}/\text{m}^3$	$6 \text{mg}/\text{m}^3$ 13. desember, lækkar 1. janúar 2003 og á 12 mánaða fresti upp frá því um $2 \text{mg}/\text{m}^3$ og verður 0% 1. janúar 2005	1. janúar 2005

Daglegur hámarksmeðalstyrkur í átta klukkustundir er fundinn með því að athuga meðaltal átta klukkustunda samfellt sem er reiknað út frá gögnum fyrir hverja klukkustund og uppfært einu sinni á klukkustund. Hvert þannig reiknað átta klukkustunda meðaltal er fært á þann dag sem lok þess ber upp á, þ.e. fyrsta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 17:00 á deginum á undan fram til 01:00 á þessum tiltekna degi; síðasta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 16:00 til 24:00 á þeim degi.

III. VIÐAUKI

**ÁKVÖRDUN KRAFNA VEGNA MATS Á STYRK BENSENS OG KOLSÝRINGS Í ANDRÚMSLOFTI Á
TILTEKNU SVÆÐI EÐA ÞÝTTBÝLISSTAÐ**

I. Efri og neðri viðmiðunarmörk mats

Eftirfarandi efri og neðri viðmiðunarmörk mats gilda:

a) Bensen

	Ársmeðaltal
Efri viðmiðunarmörk mats	70% af viðmiðunargildi (3,5 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	40% af viðmiðunargildi (2 µg/m ³)

b) Kolsýringur

	Átta klukkustunda meðaltal
Efri viðmiðunarmörk mats	70% af viðmiðunargildi (7 mg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	70% af viðmiðunargildi (5 mg/m ³)

II. Ákvörðun á því hvort farið er yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats

Ákvarða verður hvort farið hefur verið yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats á grundvelli styrks á undangengnum fimm árum ef fyrir liggja fullnægjandi gögn. Líta ber svo á að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk mats ef farið hefur verið yfir þau að minnsta kosti í þrjú stök ár af þessum fimm undangengnu árum.

Ef fyrirliggjandi gögn ná yfir færri ár en fimm geta aðildarríkin stuðst bæði við stuttar mælingaherferðir á þeim tíma árs og á þeim stöðum þar sem líklegast þykir að mestrar mengunar gæti og niðurstöður upplýsinga úr skráum um losun og reiknilíkönun til að ákvarða hvort farið hefur verið yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats.

IV. VIÐAUKI

STAÐSETNING SÝNATÖKUSTAÐA VEGNA MÆLINGA Á STYRK BENSENS OG KOLSÝRINGS Í ANDRÚMSLOFTI

Taka skal tillit til eftirfarandi þátta við fastar mælingar.

I. Val sýnatökustaðar

Ef sýnatökustaðir varða heilsuvernd skulu þeir valdir þannig að þeir veiti upplýsingar um:

- i) þá staði innan svæða og þéttbýlisstaða þar sem styrkurinn er mestur og líklegast er að íbúarnir verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum á tíma sem telst marktækur með tilliti til meðaltíma viðmiðunargildisins eða -gildanna,
- ii) styrk á öðrum stöðum innan svæðanna og þéttbýlisstaðanna sem eru dæmigerðir fyrir þau váhrif sem íbúarnir verða almennt fyrir.

Sýnatökustaðir skulu að öllu jöfnu valdir þannig að mælingarnar segi ekki eingöngu til um allra nánasta nærumhverfi þeirra. Þeirri viðmiðunarreglu skal fylgt að sýnatökustaður sé þannig valinn að hann gefi dæmigerða mynd af loftgæðum á svæðinu umhverfis sem er að minnsta kosti 200 m² þar sem umferð er mikil og nokkrir ferkílómetrar þar sem byggð er.

Sýnatökustaðir skulu einnig, eftir því sem unnt er, vera dæmigerðir fyrir svipaða staði sem eru utan næsta nágrennis þeirra.

Ef þörf krefur vegna heilsuverndarsjónarmiða skal velja sýnatökustaði á eyjum.

II. Uppsetning sýnatökubúnaðar

Eftirfarandi meginreglum skal fylgt eftir því sem við verður komið:

flæðið við inntak sýnatökunemans skal vera óhindrað, án nokkurra tálma sem hafa áhrif á loftflæðið í nágrenni sýnatökubúnaðarins (að öllu jöfnu í fárra metra fjarlægð frá byggingum, svölum, trjám eða öðru sem hindrar og að minnsta kosti 0,5 m frá næstu byggingu ef um er að ræða sýnatökustað sem á að gefa dæmigerða mynd af loftgæðum við byggingarlínu);

að öllu jöfnu skal inntak sýnatökubúnaðar vera frá 1,5 m (innöndunarhæð) og að 4 m hæð yfir jörðu. Hæri staðsetning (allt að 8 m) getur verið nauðsynleg undir sumum kringumstæðum. Ef sýnatökustaðnum er ætlað að gefa dæmigerða mynd af stóru svæði getur jafnvel verið heppilegt að velja enn meiri hæð;

inntakið skal ekki vera í næsta nágrenni við mengunarpptök svo að komast megi hjá því að taka beint inn mengunarefni sem hafa ekki blandast andrúmsloftinu;

útblástursfrárás sýnatökubúnaðarins skal komið fyrir þannig að komast megi hjá því að útblástursloft sýnatökubúnaðarins berist að sýnatökuinntakinu;

staðsetning sýnatökubúnaðar á umferðarsvæðum:

sýnatökustaðir fyrir öll mengunarefni skulu vera að minnsta kosti í 25 m fjarlægð frá útjaðri vegamóta mikilla umferðaræða og að minnsta kosti í 4 m fjarlægð frá miðju næstu akreinar,

við mælingar á kolsýringi skal inntak ekki vera í meira en 5 m fjarlægð frá gangstéttarbrún,

við mælingar á bensení skal inntaki komið fyrir þannig að það gefi dæmigerða mynd af loftgæðum við byggingarlínu.

Einnig má taka tillit til eftirfarandi þátta:

trufflandi mengunarpptaka,

öryggis,

aðgengileika,

aðgangs að rafmagni og símafjarskiptum,

hve áberandi sýnatökubúnaðurinn er í umhverfinu,

öryggis almennings og rekstraraðila,

kosta sem fylgja því að setja upp sameiginlega sýnatökustaði fyrir mismunandi mengunarefni,

skipulagsákvæða.

III. Skráning og endurskoðun á staðarvali

Aðferðirnar, sem notaðar eru við staðarval, skulu skráðar ítarlega á flokkunarstigi með ljósmyndum af umhverfinu, teknum í höfuðáttir, og nákvæmu korti. Sýnatökustaðir skulu endurmetnir með reglulegu millibili og endurtekinni skráningu til að tryggja að viðmiðanir við valið haldist gildar.

V. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR ÁKVÖRDUN Á FJÖLDA SÝNATÖKUSTAÐA VEGNA FASTRA MÆLINGA Á STYRK BENSENS OG KOLSÝRINGS Í ANDRÚMSLOFTI

Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga sem gerðar eru til að meta hvort farið er að viðmiðunarmörkum vegna heilsuverndar manna á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem einu upplýsingarnar eru gögn úr föstum mælingum:

a) Dreifð upptök

Íbúafjöldi þéttbýlisstaðar eða svæðis (þúsundir)	Ef styrkur fer yfir efri viðmiðunarmörk mats ⁽¹⁾	Ef hámarksstyrkur er milli efri og neðri viðmiðunarmarka mats
0-249	1	1
250-499	2	1
500-749	2	1
750-999	3	1
1 000-1 499	4	2
1 500-1 999	5	2
2 000-2 749	6	3
2 750-3 749	7	3
3 750-4 749	8	4
4 750-5 999	9	4
× 6 000	10	5

⁽¹⁾ Skal að minnsta kosti fela í sér eina stöð í þéttbýli og eina stöð á umferðarsvæði svo fremi það auki ekki fjölda sýnatökustaða.

b) Punktupptök

Við mat á mengun í nánd við punktupptök skal reikna fjölda sýnatökustaða vegna fastra mælinga út frá losunarpéttni, líklegri dreifingu loftmengunar og þeim váhrifum sem líklegt er að fólk verði fyrir.

VI. VIÐAUKI

MARKMIÐ UM GÆÐI GAGNA OG SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM ÚR MATI Á LOFTGÆÐUM

I. Markmið um gæði gagna

Eftirfarandi markmið um gæði gagna, er varða leyfilega óvissu matsaðferða og lágmarkstímalengd og öflun mæligagna, eru sett til leiðbeiningar vegna áætlana um gæðatryggingu.

	Bensen	Kolsýringur
<i>Fastar mælingar</i> ⁽¹⁾		
Óvissa	25%	15%
Lágmarksgagnaöflun	90%	90%
Lágmarkstímalengd	35% í þéttbýli og á svæðum með mikilli umferð (dreift yfir árið til að gefa dæmigerða mynd af mismunandi skilyrðum sem tengjast veðurfari og umferð)	
	90% iðnaðarsvæði	
<i>Leiðbeinandi mælingar</i>		
Óvissa	30%	25%
Lágmarksgagnaöflun	90%	90%
Lágmarkstímalengd	14% (mæling einn dag í viku af handahófi, dreift jafnt yfir árið, eða 8 vikur, dreift jafnt yfir árið)	14 % (ein mæling vikulega af handahófi, dreift jafnt yfir árið, eða 8 vikur, dreift jafnt yfir árið)
<i>Reiknilíkan</i>		
Óvissa		
Átta stunda meðaltal	—	50%
Ársmeðaltal	50%	—
<i>Hlutlægt mat</i>		
Óvissa	100%	75%

⁽¹⁾ Aðildarríkjnum er heimilt að beita slembimælingum í stað samfelldra mælinga fyrir bensen, að því tilskildu að þau geti sýnt framkvæmdastjórninni fram á að óvissan, meðal annars sú óvissa sem hlýst af slembiúrtaki, uppfylli 25% gæðamarkmið. Slembiúrtakið verður að dreifast jafnt yfir árið svo forðast megi skekkjur í niðurstöðum.

Óvissan (á 95% öryggisbili) í matsaðferðum verður metin í samræmi við meginreglur ISO-staðalsins „Guide to the Expression of Uncertainty in Measurement“ (leiðbeiningar um framsetningu óvissu) (1993) eða aðferðir samkvæmt ISO-staðli 5725:1994 eða samsvarandi staðli. Hundradshlutatölurnar yfir óvissu í töflunni hér að framan eru meðalgildi einstakra mælinga á tímabilinu, sem viðmiðunargildið miðast við, með öryggisbilinu 95%. Túlka ber óvissu í tengslum við fastar mælingar þannig að þær gildi á svæði viðkomandi viðmiðunargildis. Þar til staðlar Staðlasamtaka Evrópu (CEN) ásamt nákvæmum aðferðarlýsingum prófana hafa að fullu verið teknir upp mun framkvæmdastjórnin, áður en þessi tilskipun tekur gildi, birta leiðbeiningar um notkun sem mótaðar voru á vegum Staðlasamtaka Evrópu.

Óvissa tengd reiknilíkönum og hlutlægu mati er skilgreind sem hámarksfrávik mældra og reiknaðra gilda fyrir styrk á tímabilinu sem viðmiðunargildið miðast við án tillits til tímasetninga í framvindu.

Kröfur um lágmarksgagnaöflun og lágmarkstímalengd ná ekki til glötunar á gögnum sem hljótast af reglulegri kvörðun eða eðlilegu viðhaldi tækjabúnaðarins.

II. Niðurstöður úr mati á loftgæðum

Eftirfarandi upplýsinga skal afla fyrir svæði eða þéttbýlisstaði þar sem aukið er við mæligögn með upplýsingum, fengnum með öðrum hætti en með mælingum, eða þar sem slíkar upplýsingar eru þær einu sem stuðst er við í mati á loftgæðum:

Lýsing á því mati sem fram fer,

sérstakar aðferðir sem eru notaðar ásamt tilvísun í lýsingar á hverri aðferð,

hvaðan gögn og upplýsingar eru fengin,

Lýsing á niðurstöðum, þar á meðal á óvissu og einkum lýsing á umfangi hvers svæðis eða, ef það á við, lengd vegar innan svæðisins eða þéttbýlisstaðarins þar sem styrkur fer yfir viðmiðunargildi eða, ef sú er raunin, viðmiðunargildi að viðbættum viðeigandi vikmörkum, og lýsing á hverju svæði þar sem styrkurinn fer yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats,

í tengslum við viðmiðunarmörk, sem eru sett til að vernda heilbrigði manna, skal gefa upp hvaða íbúar geta orðið fyrir váhrifum vegna styrks sem er yfir viðmiðunargildinu.

Aðildarríkin skulu, þar sem því verður við komið, gera kort sem sýna styrkdreifingu innan hvers svæðis og þéttbýlisstaðar.

III. Stöðlum

Niðurstöður mælinga fyrir bensen og kolsýring skal staðla við hitann 293 K og þrýstinginn 101,3 kPa.

VII. VIÐAUKI**TILVÍSUNARAÐFERÐIR VIÐ MAT Á STYRK BENSENS OG KOLSÝRINGS****I. Tilvísunaraðferð við sýnatöku/greiningu á bensi**

Tilvísunaraðferðin við mælingu á bensi skal vera sýnataka með dælingu gegnum íseygt hylki og í kjölfarið ákvörðun með gasgreiningu sem verið er að staðla á vegum Staðlasamtaka Evrópu (CEN). Ef stöðluð CEN-aðferð liggur ekki fyrir er aðildarríkjunum heimilt að nota aðferð sem byggist á innlendum stöðlum og sömu mæliaðferð.

Aðildarríki er einnig heimilt að nota aðra aðferð, enda geti það sýnt fram að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

II. Tilvísunaraðferð við greiningu á kolsýringi

Tilvísunaraðferðin við mælingu á kolsýringi skal vera aðferðin þar sem ódreifinn innroðagreininir (NDIR) er notaður, en sú aðferð hefur nýlega verið stöðluð á vegum Staðlasamtaka Evrópu. Ef stöðluð CEN-aðferð liggur ekki fyrir er aðildarríkjunum heimilt að nota aðferð sem byggist á innlendum stöðlum og sömu mæliaðferð.

Aðildarríki er einnig heimilt að nota aðra aðferð, enda geti það sýnt fram að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

III. Tilvísunaraðferðir fyrir reiknilíkön

Ekki er unnt að tilgreina tilvísunaraðferðir fyrir reiknilíkön að svo stöddu. Hvers kyns breytingar, sem gerðar eru til að laga þennan lið að framförum á sviði vísinda og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.
